

Föstudaginn 26. október 1990.

Nr. 251/1989. **Sigurborg h/f**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Jóhannesi Halldórssyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómenn. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með afrýjunarstefnu 26. júní 1989. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur.

Við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti var upplýst af hálfu áfrýjanda, að öllum skipverjum á m/b Sigurborgu hefði verið sagt upp störfum á skipinu. Óumdeilt er, að uppsagnarbréf áfrýjanda til stefnda, sem dagsett var 31. júlí 1986, hafi verið svohljóðandi: „Vegna kvótavandamála hefur verið ákveðið að leigja mb. Sigurborgu til rækjuveiða.

Af þeim sökum sjáum við oss (sic) tilneydda að segja yður upp störfum frá og með deginum í dag að telja.

Uppsagnarfrestur er þrír mánuðir.“

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram leigusamning við Söltunarstöð Dalvíkur h/f um skipið, en við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti var staðfest af hálfu áfrýjanda, að leigutími skipsins hefði verið frá byrjun ágústmánaðar 1986 til 1. desember sama ár og skipið verið leigt án áhafnar. Þá má ráða af málflutningi aðila, að stefndi hefði orðið að gera ráðningarsamning við leigutaka skipsins, hefði hann haldið áfram störfum á skipinu á leigutím-anum.

Með ofangreindum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þar með talinn virðisaukaskattur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurborg h/f, greiði stefnda, Jóhannesi Halldórssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur borgardóms Reykjavíkur 24. maí 1989.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 11. maí sl., hefur Jóhannes Halldórsson, kt. 211146-4279, Suðurvöllum 18, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 28. febrúar 1989, á hendur Sigurborgu hf., kt. 570986-1129, Langholti 9, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 93.791 ásamt 27% ársvöxtum frá 1. desember 1986 til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 28. febrúar 1989 og loks með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% sölu-skatts samkvæmt lögum þar um.

Stefnandi sundurliðar höfuðstól dómkröfu sinnar þannig:

Kauptrygging 15. september	
til 1. nóvember 1986 kr. 55.624 x 1,5	kr. 83.436
Fast kaup kr. 1.135 x 1,5	kr. 1.697
10,17% orlof	kr. 8.658
Samtals	kr. 93.791

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% söluskatts samkvæmt lögum þar um.

Með yfirlýsingu, dagsettri 20. febrúar 1989, lýstu málsaðilar því yfir, að samkvæmt heimild í 81. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði hefðu þeir samið um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. Stefnandi segir málavexti vera þá, að með bréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi honum verið sagt upp störfum af hálfu stefnda, en stefnandi hafi verið yfirvélstjóri á mb. Sigurborgu, AK-375. Uppsagnarbréfið hafi kveðið á um, að vegna kvótavandamála hafi verið ákveðið að leigja skipið til rækjuveiða og af þeim sökum sé stefndi tilneyddur að segja stefnanda upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Þegar síðar hafi í ljós komið, að stefndi teldi sér ekki skylt að greiða stefnanda kaup nema í 6 vikur þrátt fyrir þriggja mánaða uppsagnarfrest, hafi stefnandi leitað til Vísis, félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum. Félagið hafi ritað stefnda bréf, dagsett 28. ágúst 1986, þar sem stefnda hafi verið tilkynnt, að stefnandi ætti rétt til fullra launa, staðgengilslauna, í 3 mánuði, sbr. ákvæði sjómannalaga og fjölda dóma Hæstaréttar þar um. Bréf þetta hafi engin áhrif haft og hafi þá lögmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands verið falið að krefja um greiðslu launa í fulla 3 mánuði. Þann 2. október 1986 hafi fulltrúi lögmanns sambandsins ritað Stokkavör hf. bréf, en Stokkavör hf. hafi haft með skrifstofuhald fyrir stefnda að gera, þar sem krafist hafi verið réttis uppgjors í fulla 3 mánuði. Bréfi þessu hafi í engu verið svarað, en Jónas Haraldsson, lögmaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, hafi haft samband við lögmann stefnanda og hafi málið verið í nokkurri umræðu og ágreiningi fram eftir árinu 1987, þar til í janúar 1988, að leigutaka Sigurborgar, AK-375, Söltunarfélagi Dalvíkur hf., hafi verið ritað bréf, þar sem óskað hafi verið upplýsinga um það, hvort stefnanda hafi verið boðið áframhaldandi starf á bátnum á þeim tíma, sem hann hafi verið leigður til Söltunarfélagsins. Engin svör hafi borist við fyrirspurn þessari, og hafi því verið ákveðið að höfða mál á hendur stefnda til heimtu launanna á grundvelli kauptryggingar, sem sé lágmarkskaup á hverjum tíma. Málshöfðun hafi dregist allnokkuð vegna anna lögmanns stefnanda.

3.0. Um málsástæður og lagarök vísar stefnandi til 2. mgr. 9. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. og annarra ákvæða þeirra laga, auk eftirfarandi sjónarmiða:

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að með bréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi honum verið sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti

og með því hafi stefndi bundið sig við að greiða sér laun í 3 mánuði, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 36/1988: Jörundur Bjarnason gegn Rækjuveri hf., en þar segi meðal annars: „Með uppsagnarbréfi sínu 5. janúar 1987, sem kvað á um þriggja mánaða uppsagnarfrest, skuldbatt stefndi sig til að greiða áfrýjanda laun í 3 mánuði.“

Þá byggir stefnandi á því, að þar sem mb. Sigurborg, AK-375, hafi verið leigð til Söltunarfélags Dalvíkur hf., hljóti ráðningarsamband hans við stefnda að hafa rofnað þegar í stað. Hér sé átt við, að í leigunni hafi falist fyrirvaralaus uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara, hvað svo sem í uppsagnarbréfi hafi sagt, þannig að stefnandi hafi verið laus allra mála eftir afhendingu skipsins til leigutaka. Þetta sé í samræmi við óslitna og óumdeilda dómvenju í gildistíð eldri sjómannalaga frá 1966, þegar um sölu á skipi hafi verið að ræða. Að mati stefnanda verði ekki séð, að neinn eðlis-munur sé á sölu og leigu, að því er þetta varði. Ljóst sé, að nýr útgerðaraðili hafi tekið við bátnum, og óumdeilanlegt sé, að stefndi hafi ekki getað fram-selt ráðningarsamning sinn við stefnanda. Þar sem hin nýju sjómannalög nr. 35/1985 hafi í engu breytt ákvæðum eldri sjómannalaga um leigu, hljóti að verða að telja, að almennar reglur um þriggja mánaða uppsagnarfrest eigi við. Þar sem afhending bátsins hafi farið fram, áður en 3 mánuðir hafi verið liðnir, hljóti stefnandi að eiga laun í fulla 3 mánuði, þótt hann hafi samt sem áður ekki haft vinnuskyldu nema fram að afhendingu skips-ins.

Stefnandi leggur áherslu á, að við gerð leigusamningsins hafi verið um að ræða nýjan útgerðaraðila að bátnum, og sé fráleitt hægt að telja, að stefnanda hafi borið að fara með bátnum til nýs útgerðaraðila, enda væri þá um að ræða framsal vinnuréttarsambands hans við stefnda, en samkvæmt almennum reglum vinnuréttarins geti slíkt aldrei komið til. Þar sem báturinn hafi verið leigður, hljóti að verða að telja, að í því hafi falist uppsögn, eins og raunar uppsagnarbréfið beri með sér. Verði því að telja ekkert annað en almennar reglur um þriggja mánaða uppsagnarfrest koma til.

Krafan um greiðslu launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti sé byggð á 2. mgr. 9. gr., sbr. og 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. og önnur ákvæði þeirra laga. Ótvírætt hafi verið, að við sölu á skipi til annars innlends útgerðarmanns eigi vélstjórar þriggja mánaða uppsagnarfrest eða þar til að lög nr. 35/1985 hafi tekið gildi, en þá hafi komið inn nýtt ákvæði, 22. gr., sem hafi kveðið á um sérstakan uppsagnarfrest við sölu. Ákvæði þetta geti ekki átt við hér, þar sem um sé að ræða leigu á bátnum, og verði því að ætla, að almenn ákvæði sjómannalaganna, sem séu hliðstæð ákvæðum fyrri sjómannalaga, eigi við hér, og af því leiði, að stefnandi eigi laun í þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Þá tekur stefnandi fram, að uppsagnarbréf til Magnúsar Bjarnasonar skipstjóra sé lagt fram í málinu, en stefnandi hafi fengið samhljóða bréf, sem nú sé glatað.

Krafan um greiðslu málskostnaðar byggist á því, að tilurð máls þessa sé alfarið orðin (sic) vegna vanefnda stefnda á greiðsluskyldu sinni samkvæmt lögum.

4.0. Stefndi lýsir málavöxtum þannig, að stefnandi hafi verið ráðinn yfirvélstjóri þann 1. júní 1986 á skip stefnda, mb. Sigurborgu, AK-375, frá Keflavík. Í júlímánuði 1986 hafi verið ljóst, að aflakvóti skipsins væri að verða búinn. Hafi þá verið ákveðið til þess að geta haldið skipinu í rekstri að stunda dragnótaveiðar, þar sem meginhluti veidds afla á slíkum veiðum sé flatfiskur, koli, sem sé utan kvóta.

Þrátt fyrir þá kunnu staðreynd, að aðeins væru þá eftir 20 tonn af þorsk-kvóta skipsins, sem treina átti og nota sem aukaafli með kolanum, hafi verið lagst í þorsk og kvótanum strax lokið og þar með skipið gert verkefna-laust. Hafi þá ekki annað legið fyrir en að leggja skipinu út árið eða freista þess að leigja það, svo að bæði skip og mannskapur hefðu einhverjar tekjur.

Vegna þessarar óvissu um framhaldið á rekstri skipsins hafi yfirmönnum skipsins verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara, þ.e. með bréfi, dagsettu 31. júlí 1986, enda allt í óvissu með framhaldið. Óvíst hafi verið, hvort skipinu yrði lagt eða það leigt, og þá, ef svo færi, hvort leigutakinn væri með sína eigin áhöfn, þannig að yfirmönnum skipsins yrði gert að víkja úr skiprúminu, eða hvort hann vildi hafa yfirmennina áfram í starfa, eins og venja væri.

Í byrjun ágúst 1986 hafi verið afráðið að leigja Söltunarstöð Dalvíkur hf. skipið til rækjuveiða. Stefnandi hafi engan áhuga haft á að vera á skipinu á rækjuveiðum fyrir Norðurlandi, en hafi þó siglt skipinu til Akureyrar, þar sem það hafi verið sett í slipp. Ítrekuð hafi verið sú ósk, að stefnandi héldi áfram störfum, en stefnandi hafi þverneitað. Hafi stefnandi að því búnu horfið úr skiprúminu, en ekki unnið út sinn uppsagnartíma, sem hafi verið til 31. október 1986.

Þrátt fyrir þetta og til þess að ljúka þessu máli hafi stefndi greitt stefnanda kauptryggingu í sex vikur umfram skyldu. Ekki hafi þó tekist að upplýsa það, hvers vegna greitt hafi verið í raun, þar sem svo langt sé um liðið, síðan þetta hafi gerst, tvö og hálf ár.

5.0. Málsástæður og lagarök stefnda eru eftirgreind:

5.1. *Tómlæti.*

Stefndi telur, að stefnandi hafi með aðgerðaleyzi sínu fyrirgert hugsanlegum rétti sínum til bóta vegna tómlætis síns og/eða lögmanns hans (identifikation).

Stefndi segir, að með bréfi, dagsettu 2. október 1986, krefji lögmaður stefnanda stefnda um bætur vegna leigu skipsins og meintra ráðningarslita. Með stefnu, dagsettri 20. febrúar 1989, eða rétt tæpum tveimur og hálfu ári seinna hreyfi lögmaður stefnanda við málinu aftur, hvað stefnda snerti.

Fram að stefnubirtingardegi eða einhverjum degi áður, er lögmanni stefnda hafi verið falið af stefnda að fara með málið fyrir hans hönd sem málsverjanda, hafi afskipti lögmannsins af sakarefninu aðeins verið fólgin í því að spjalla við lögmann stefnanda um ágreiningsefnið og önnur slík nokkrum sinnum og þá oftast að fyrra bragði. Hafi þessi mál, sem og önnur mál, þá verið rædd af honum sem lögmanni Landssambands íslenskra útvegsmanna og áhugamanni um mannskapsrétt og lögmanni stefnanda sem lögmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Geti þau samtöl í engu skert réttarstöðu stefnda, þótt hann fæli síðan þessum lögmanni að halda uppi vörnum fyrir sig, þegar loks hafi verið stefnt í málinu.

Bréf lögmanns stefnanda til Söltunarfélags Dalvíkur hf., leigutaka skipsins, dagsett 25. janúar 1988, sé stefnda með öllum óviðkomandi og sent án hans vitundar.

Stefndi telur með vísan til þessa, að sýkna beri sig af kröfum stefnanda þegar af þeirri ástæðu, að dregist hafi úr hömlu af hálfu stefnanda og/eða lögmanns hans að gera reka að þessu máli, eða í rétt tvö og hálf ár. Hafi hann með slíku tómlæti firrt sig öllum rétti til hugsanlegra bóta.

5.2. Riftun ráðningarsamnings af hálfu stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því, að stefnandi hafi sjálfur rift ráðningarsamningi sínum við stefnda, er hann hafi horfið fyrirvaralaust úr skiprúmi, er skipið hafi verið leigt.

Með uppsagnarbréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði, þótt hann hefði hugsanlega getað slitið ráðningunni við stefnanda með skemmri uppsagnarfresti, t.d. samkvæmt 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 36/1988, er stefnandi vitnar til. Samkvæmt þessu uppsagnarbréfi hafi stefnandi átt rétt á launum til 31. október 1986, enda innti hann af hendi sín störf út uppsagnarfrestinn í samræmi við viðurkennda grundvallarreglu vinnuréttarins.

Stefndi vísar til þess, að stefnandi telji, að sér hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi sínum við stefnda, þegar skipið hafi verið leigt, þar sem jafna megi saman leigu á skipi og sölu þess, sbr. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þessum skilningi stefnanda mótmælir stefndi sem röngum og telur þvert á móti, að leiga á skipi heimili ekki riftun ráðningarsamnings, gagnstætt því sem gildi um sölu skips. Þar sem stefnandi hafi horfið úr skiprúminu fyrirvaralaust og án þess að starfa út uppsagnarfrestinn, hafi hann

sjálfur rift ráðningu sinni án lögmætra ástæðna og eigi þar af leiðandi engan kröfurétt á hendur stefnda.

Fullyrðingu sína, að leiga skips ein og sér heimili skipverjum ekki riftingu ráðningarsamnings, byggir stefndi á eftirgreindu:

2. mgr. 40. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 hafi orðast svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóranskipti verði á skipinu eða skipti á útgerðarmanni.“ Samkvæmt orðalagi þessa lagaákvæðis hafi skipverjum verið óheimilt að rifta ráðningarsamningi, hvort heldur skip hafi verið selt eða leigt, þ.e. skipt á útgerðarmanni.

Með lögum nr. 67/1963 hafi sjómannalögin verið endurskoðuð. Meðal þeirra breytinga, sem gerðar hafi verið, hafi verið sú, að orðin „eða skipti á útgerðarmanni“ hafi verið felld út úr lagatexta 40. gr. sjómannalaganna. Í greinargerð með lögunum hafi sagt um þetta: „Með því að fella burt orð þau úr 40. gr. laganna, sem hér ræðir um, er ætlast til þess, að um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skipt er um útgerðarmann, fari eftir almennum réttarreglum um aðalskipti að starfssamningum.“

Á gildistíma sjómannalaga nr. 67/1963 hafi Hæstiréttur túlkað þetta svo, þegar um sölu á skipi hafi verið að ræða, að skipverjar ættu í slíkum tilfellum rétt á að rifta ráðningarsamningi og ættu jafnframt rétt á kaupi, er næmi uppsagnarfrestinum. Aldrei hafi á gildistíma laga nr. 67/1963 reynt á það, hvort sama gildi varðandi leigu skipa.

Á ný hafi sjómannalögin verið endurskoðuð og gefin út sem lög nr. 35/1985. Í 2. gr. 3. mgr. 22. gr. laganna sé nú fjallað um skipti á útgerðarmanni, þó þannig að í lagatextanum sé núna skýrt tekið fram, að skipverja sé eingöngu heimilt að rifta ráðningarsamningnum við sölu á skipi. Segi í 2. mgr. 22. gr. laganna orðrétt: „Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni, er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi...“ Komi með þessu orðalagi skýrt fram, að leiga skips falli ekki undir ákvæðið, þ.e. veiti ekki skipverja heimild til riftunar á ráðningarsamningi, og þar af leiðandi komi bótaréttur ekki til, enda skýr greinarmunur á varanlegri yfirtöku skips, þ.e. sölu þess, eða tímabundnum afnotum þriðja aðila, þ.e. leigu á því.

Lögmaður stefnda hafi átt sæti sem fulltrúi útgerðarmanna í nefnd þeirri, er endurskoðaði siglinga- og sjómannalögin, sbr. siglingalög nr. 34/1985 og sjómannalög nr. 35/1985. Eins og fram komi í gögnum um gang mála í nefndinni varðandi þessi ákvæði, sbr. 22. gr. sjómannalaga, þá hafi í upphafi átt að styðjast við nügildandi dönsk sjómannalög sem grunn við endurskoðun íslensku sjómannalaganna. Hafi verið gert ráð fyrir, að tæki nýr innlendir útgerðarmaður við rekstri skips (overtages skibet af anden reder), þ.e. sala og leiga, þá væri skipverjanum heimilt að rifta ráðningarsamningi, en án bóta.

Af hálfu fulltrúa sjómanna í siglingalaganefnd hafi verið gerð sú tillaga (krafa), að einnig skipti á innlendum útgerðaraðila heimilaði bætur til skipverja á sama hátt og um erlendan útgerðaraðila væri að ræða, sbr. 1. mgr. 22. gr.

Af hálfu fulltrúa útgerðarmanna hafi þá verið lögð fram sú tillaga (krafa) í nefndinni, að bótarétturinn yrði að hálfu, sem byggðist á sanngirnissjónarmiðum, með vísan til þess, að Danir heimiluðu engar bætur vegna sölu skips innan lands. Skýrt sé tekið fram í lagatextanum, sem fulltrúi útgerðarmanna hafi samið, að eingöngu sé um sölu að ræða. Hafi það verið ósk hans, að sama gildi hérlendis og í Noregi í gildistið norskra sjómannalaga frá árinu 1953, er hafi gilt til 1975, en í 2.mgr. 40. gr. þeirra laga sagði: „Blir eiendomsretten til skipet overført til annen norsk reder, kan en sjømann kreve avskjed.“ Eins og þarna komi fram, sé ákvæðið bundið við sölu skips alfarið (sic).

Eins og komi fram af texta 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga, hafi það orðið niðurstaðan, að heimild til handa skipverjum til að rifta ráðningarsamningi og fá bætur sé alfarið (sic) og eingöngu bundin við sölu skips. Leiga á skipi skapi ekki skipverjum þennan rétt, gagnstætt sölu.

6.0. Stefndi telur, að stefnandi hafi með aðgerðarleysi sínu fyrirgert hugsanlegum rétti sínum til bóta vegna tómlætis síns eða lögmanns hans. Stefndi segir, að með bréfi, dagsettu 2. október 1986, krefji lögmaður stefnanda stefnda um bætur vegna leigu skipsins og meintra ráðningarslita. Með stefnu, dagsettri 20. febrúar 1989, eða rétt tæpu tveimur og hálfu ári seinna, hreyfi lögmaður stefnanda við málinu aftur, hvað stefnda snerti. Hafi hann með slíku tómlæti firrt sig öllum rétti til hugsanlegra bóta.

Pótt stefnandi hafi seint hafist handa um heimtu kröfu sinnar, verður ekki talið, að tómlæti hans feli í sér viðurkenningu af hans hálfu um það, að svo hafi um samist með aðilum, að krafan yrði ekki innheimt, eða að hann hafi með tómlæti sínu afsalað sér kröfunni með öðrum hætti, enda er krafan ekki fyrnd.

Er því rétt að víkja að þeirri sýknuástæðu stefnda, að stefnandi hafi sjálfur rift ráðningarsamningi sínum við stefnda án lögmætra ástæðna, er hann hafi horfið fyrirvaralaust úr skiprúmi, er skipið var leigt. Stefndi telur, að með uppsagnarbréfi, dagsettu 31. júlí 1986, hafi hann skuldbundið sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði, enda innti stefnandi af hendi sín störf út uppsagnarfrestinn í samræmi við viðurkennda grundvallarreglu vinnuréttarins. Í máli þessu er lagt fram uppsagnarbréf stefnda til Magnúsar Bjarnasonar skipstjóra, dagsett 31. júlí 1986, sem málstaðilar eru sam-mála um, að sé samhljóða greindu uppsagnarbréfi til stefnanda, en það bréf er nú glatað.

Stefnandi telur á hinn bóginn, að falist hafi í því fyrirvaralaus uppsögn,

þegar skipið hafi verið leigt. Þeim skilningi stefnanda mótmælir stefndi sem röngum og telur þvert á móti, að leiga á skipi heimili ekki riftun ráðningar, samnings með rétti til bóta, gagnstætt því sem gildi um sölu skips. Þar sem stefnandi hafi horfið úr skiprúminu fyrirvaralaust og án þess að starfa út uppsagnarfrestinn, hafi hann sjálfur rift ráðningu sinni án lögmætra ástæðna og eigi þar af leiðandi engan kröfurétt á hendur stefnda.

Skal því vikið að þeim ákvæðum sjómannalaga, er fjalla um þetta efni. Í 2. mgr. 40. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 sagði svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu eða skipti á útgerðarmanni.“ Samkvæmt orðalagi þessa lagaákvæðis virðist skipverjum hafa verið óheimilt að rifta ráðningarsamningi, hvort heldur skip hafi verið selt eða leigt, þ.e. þótt skipt væri á útgerðarmanni.

Með sjómannalögum nr. 67/1963 var ákvæði þessu breytt þannig, að orðin „eða skipti á útgerðarmanni“ voru felld út. 2. mgr. 40. gr. laganna hljóðaði þá svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu.“ Í greinargerð með lögunum var um þetta ákvæði sagt: „Með því að fella burt orð þau úr 40. gr. laganna, sem hér ræðir um, er ætlast til þess, að um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi, þegar skipt er um útgerðarmann, fari eftir almennum réttarreglum um aðilaskipti að starfssamningum.“

Á ný voru sjómannalögin endurskoðuð og gefin út sem lög nr. 35/1985. Segir í 2. mgr. 22. gr. laganna orðrétt: „Sé skip selt öðrum innlendum útgerðarmanni, er skipverja heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, en segja verður þá skipverji skiprúmi sínu lausu þegar eftir að hann fær vitneskju um þetta.“ Í 3. mgr. sömu greinar laganna er fjallað um kjör þess, er rétt á lausn úr skiprúmi samkvæmt 2. mgr. greinarinnar. 4. mgr. 22. gr. laganna hljóðar svo: „Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi þótt skipstjóraskipti verði á skipinu.“ Í 22. gr. er því ekkert beinlínis tekið fram um rétt skipverja vegna leigu á skipi.

Stefndi telur, að gagnálykta verði frá orðalagi 2. mgr. 22. gr. Telur hann, að afgreiðsla málsins í nefnd þeirri, er endurskoðaði sjómannalögin, styðji þessa niðurstöðu sína. Eins og komi fram af texta 2. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, hafi það orðið niðurstaðan, að heimild til handa skipverjum til að rifta ráðningarsamningi og fá bætur sé alfarið (sic) og eingöngu bundin við sölu skips. Leiga á skipi skapi því skipverjum ekki heimild til riftunar á ráðningarsamningi, og þar af leiðandi komi bótaréttur ekki til.

Stefnandi telur á hinn bóginn, að ákvæði 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 eigi ekki við og að almenn ákvæði sjómannalaganna, sem séu hliðstæð ákvæðum eldri sjómannalaga, eigi við um rétt skipverja vegna leigu skips, og eigi stefnandi því rétt á launum í þrjá mánuði. Hann bendir

jafnframt á, að í uppsagnarbréfi hafi verið kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest, og verði því að telja, að stefndi hafi með því bundið sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði. Einnig komi fram þegar í umræddu uppsagnarbréfi, að uppsögnin sé vegna væntanlegrar leigu skipsins. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að stefndi telur, að ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 hafi verið sett til að auka svigrúm skipverja til að komast í annað starf, t.d. til að stytta uppsagnarfrestinn, ef afhending skips verði eftir 6 vikur, frá því að leigusamningur var gerður, þ.e. hér sé um að ræða einhliða og aukinn rétt skipverja við sölu skips. Ákvæðið breyti í engu aðalreglunni um þriggja mánaða uppsagnarfrest skipverja við leigu á skipi.

Það er meginregla íslensks réttar, að framselja megí kröfurettindi og að kröfuhafaskipti geti orðið án samþykkis skuldara, en sú regla er ýmsum undantekningum háð, t.d., ef skuldara stendur ekki á sama um það, hver kröfuhafi er. Skyldan getur orðið honum þungbærari, þannig að verulegur munur verði á; svo er t.d. um starfssamninga, sem eru persónulegs eðlis. Til dæmis skiptir það þá máli fyrir starfsmanninn, hver á að greiða honum kaup samkvæmt vinnusamningi, en mikilvægt er fyrir hann að ráða aflahæfi sínu. Það leiðir beint af þessu persónulega eðli starfssamninga, að um framsal réttinda samkvæmt þeim hljóta að gilda aðrar reglur en um framsal fjárfkra eða annarra slíkra réttinda. Getur kröfuhafi almennt ekki framselt rétt sinn samkvæmt starfssamningnum, nema samningurinn eða lög heimili það sérstaklega. Það er því meginregla í íslenskum rétti, að aðilar starfssamnings geti ekki sett aðra í sinn stað án samþykkis gagnadila síns. Við túlkun áðurgreindra lagaákvæða verður því að hafa í huga meginreglur laga um aðilaskipti að starfssamningum, en við umræddan leigusamning skipsins fékk stefndi nýjan vinnuveitanda, og útgerðarstaður skipsins breyttist.

Þá verður að líta til þeirrar söguþróunar, sem áður er rakin, en í almennum athugasemdum í frumvarpi til sjómannalaga nr. 35/1985 sagði svo um breytingar á 16. til 22. gr.: „Um þetta efni eru nú ákvæði í 35. - 40. gr. l. 67/1963, og er hér byggt á sömu grundvallarreglum, þótt gert sé ráð fyrir nokkrum breytingum og nýmælum, sem fela í sér kjarabætur handa sjómönnum.“

Vegna fyrrgreindra sjónarmiða er það skoðun dómsins, að þögn gildandi laga um rétt skipverja til lausnar úr skiprúmi vegna leigu á skipi, þ.e. sú staðreynd, að ekki er kveðið skýrt á um þetta tilvik, heimili ekki gagnályktun frá 2. eða 3. mgr. 22. gr. laganna. Verður að líta svo á, að lögin hefðu tekið það skýrt fram, ef ætlun hefði verið að taka af sjómönnum þegar fengin réttindi. Því verður að „telja, að nýmæli þessi feli í sér kjarabætur sjómönnum til handa“, eins og segir í forsendum Hæstaréttardóms í mál-

inu nr. 36/1988: Jörundur Bjarnason gegn Rækjuveri hf. Samkvæmt því var stefnanda heimilt að hverfa úr skiprúmi með rétti til bóta, er skipið var afhent stefnda samkvæmt leigusamningnum.

Kemur því til úrlausnar réttur stefnanda til kaups, svo sem hann krefst, en 3. mgr. 22. gr. laganna verður ekki beitt samkvæmt framansögðu um þetta efni. Með hliðsjón af almennum réttarreglum um aðilaskipti að starfs-samningum, 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, svo og orðalagi uppsagnarbréfsins sjálfs, þar sem stefndi skuldbatt sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði, ber að fallast á kröfu stefnanda í þessu efni.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Lögmaður stefnanda var Elvar Örn Unnsteinsson hdl., og lögmaður stefnda var Jónas Haraldsson hdl.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurborg hf., greiði stefnanda, Jóhannesi Halldórssyni, kr. 93.791 ásamt 27% ársvöxtum frá 1. desember 1986 til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 28. febrúar 1989, svo og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.